

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðuneytið hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

Er sérstaklega brýn nauðsyn á útgáfu slíkrar reglugerðar nú þegar, þar sem almennar veiðar á fjarlægum miðum fara í hönd.

Auk þess ber nauðsyn til af öryggisástæðum að hafa sem gleggsta vitneskju um ferðir skipa og báta við strendur landsins og á úthöfunum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.